# TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/61/EB

2008/EES/10/09

**frá 26. apríl 2004**

**um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir tiltekin varnarefni sem bannað er að nota í Evrópubandalaginu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ([1]), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu ([2]), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ([3]), einkum 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í tilskipun ráðsins 79/117/EBE ([4]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2003/807 ([5]), var lagt bann við því að nota og markaðssetja í Evrópubandalaginu varnarefnin kvikasilfursoxíð, kvikasilfursklóríð (kalómel), önnur ólífræn kvikasilfurssambönd, alkýlkvikasilfurssambönd, alkoxýalkýl- og arýlkvikasilfurssambönd, aldrín, klórdan, díeldrín, HCH, hexaklórbensen, kamfeklór (toxafen), etýlenoxíð, nítrófen, 1,2-díbrómetan, 1,2-díklóretan, dínóseb og bínapakrýl. Með tilliti til framboðs sumra af þessum varnarefnum á heimsmarkaði þykir rétt að ákveða að hámarksgildi leifa verði við neðri greiningarmörk fyrir allar vörur. Ógerlegt er að greina milli sumra kvikasilfurssambanda og kvikasilfurssambanda sem stafa af mengun í umhverfi.

2) Ef ekki er leyft að nota tiltekið varnarefni og ef ekki er unnt að sætta sig við neinar leifar þykir rétt að hámarksgildi leifa, sem sett eru við neðri greiningarmörk fyrir ferskvöru, gildi einnig um samsettar og unnar vörur.

3) Tekið hefur verið tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um þær aðferðir sem skulu notaðar til að vernda þá sem neyta landbúnaðarvara sem hafa verið meðhöndlaðar með varnarefnum.

4) Því ber að breyta viðaukunum við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 81. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 23.6.2005, bls. 7.

([1]) Stjtíð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/2/EB (Stjtíð. ESB L 14, 21.1.2004, bls. 10).

([2]) Stjtíð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/2/EB.

([3]) Stjtíð. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/2/EB.

([4]) Stjtíð. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36.

([5]) Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi línur bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

| Varnarefnaleif | Hámarksgildi |
|---|---|
| „— Kvikasilfurssambönd | 0,01 (*) Kornvörur |
| — Kamfeklór (klórað kamfen með 67–69% klór) | 0,1 (*) Kornvörur |
| — 1,2-díbrómetan | 0,01 (*) Kornvörur |
| — 1,2-díklóretan | 0,01 (*) Kornvörur |
| — Dínóseb | 0,01 (*) Kornvörur |
| — Bínapakrýl | 0,01 (*) Kornvörur |
| — Nítrófen | 0,01 (*) Kornvörur |
| — Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretanóls, gefin upp sem etýlenoxíð) | 0,02 (*) Kornvörur |

(*) Neðri greiningarmörk.“

*2. gr.*

Eftirfarandi línur bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

| Varnarefnaleif | Hámarksgildi (mg/kg) | | |
|---|---|---|---|
| | Í fitu sem er í kjöti, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602 (i) (iv) | Í mjólk og nýmjólk úr kúm sem skráð er í I. viðauka undir SAT-númeri 0401; í öðrum matvælum undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 í samræmi við (ii) (iv) | Í skurnlausum, nýjum eggjum, í fuglseggjum og eggjarauðu sem skráð eru í 1. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408 (iii) (iv) |
| „— Nítrófen | 0,01 (*) | 0,01(*) | 0,01 (*) |
| — Summa kvikasilfurssambanda | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| — Kamfeklór (summa vísisambandanna þriggja með Parlar-nr. 26, 50 and 62 (**)) | 0,05 (**) nema alifuglar | 0,01 (*) | |
| — 1,2-díklóretan | 0,1 (*) | 0,1 (*) | 0,1 (*) |
| — Bínapakrýl | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| — Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretanóls, gefin upp sem etýlenoxíð) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) |
| — Kaptafól | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |

(*) Neðri greiningarmörk.
(**) Parlar-nr. 26 2-endó,3-exó,5-endó,6-exó,8,8,10,10-oktaklórbornan
Parlar-nr. 50 2-endó,3-exó,5-endó,6-exó,8,8,9,10,10-nonaklórbornan
Parlar-nr. 62 2,2,5,5,8,9,9,10,10,-nonaklórbornan.“

*3. gr.*

Eftirfarandi línur bætist við í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

| Varnarefnaleif | Hámarksgildi (mg/kg) | | |
|---|---|---|---|
| | Í kjöti, þ.m.t. fita, unnar kjötvörur, innmatur og dýrafita sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602 | Í mjólk og mjólkurvörum sem skráðar eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 | Í skurnlausum, nýjum eggjum, í fuglseggjum og eggjarauðu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408 |
| „Dínóseb | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |

(*) Neðri greiningarmörk.“

*4. gr.*

Leyfileg hámarksgildi leifa, sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa tilskipun, skulu bætast við þau sem tilgreind eru í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

*5. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta, eigi síðar en átta mánuðum eftir að þessi tilskipun hefur verið samþykkt, nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum níu mánuðum eftir að þessi tilskipun hefur verið samþykkt.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

*6. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

*7. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

| Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg) | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um | Summa kvikasilfurs sambanda, gefin upp sem kvika-silfur | Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín | Klórdan (summa sis- og trans-klórdans) | HCH, summa mynd-brigða nema gamma-mynd-brigðið | Hexa-klórbensen | Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretanóls, gefin upp sem etýlenoxíð) | Nítrófen | 1,2-díklóretan |
| „1. **Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frystingu án viðbætts sykurs; hnetur** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,1 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| i) SÍTRUSÁVEXTIR | | | | | | | | |
| Greipaldin | | | | | | | | |
| Sítrónur | | | | | | | | |
| Súraldin (límónur) | | | | | | | | |
| Mandarínur (þ.m.t. klemen-tínur og aðrir blendingar) | | | | | | | | |
| Appelsínur | | | | | | | | |
| Pómelónur | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða skurnlausar) | | | | | | | | |
| Möndlur | | | | | | | | |
| Parahnetur | | | | | | | | |
| Kasúhnetur | | | | | | | | |
| Kastaníuhnetur | | | | | | | | |
| Kókoshnetur | | | | | | | | |
| Heslihnetur | | | | | | | | |
| Goðahnetur | | | | | | | | |
| Pekanhnetur | | | | | | | | |
| Furuhnetur | | | | | | | | |
| Pistasíuhnetur | | | | | | | | |
| Valhnetur | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |

| Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg) | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um | Summa kvikasilfurs sambanda, gefin upp sem kvika-silfur | Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín | Klórdan (summa sis- og trans-klórdans) | HCH, summa mynd-brigða, nema gamma-mynd-brigðið | Hexa-klórbensen | Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretans, gefin upp sem etýlenoxíð) | Nítrófen | 1,2-díklóretan |
| iii) KJARNAÁVEXTIR | | | | | | | | |
| Epli | | | | | | | | |
| Perur | | | | | | | | |
| Kveði | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| iv) STEINALDIN | | | | | | | | |
| Apríkósur | | | | | | | | |
| Kirsuber | | | | | | | | |
| Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar) | | | | | | | | |
| Plómur | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN | | | | | | | | |
| a) Vínber og þrúgur | | | | | | | | |
| Vínber | | | | | | | | |
| Þrúgur | | | | | | | | |
| b) Jarðarber (önnur en villt) | | | | | | | | |
| c) Klungurber (önnur en villt) | | | | | | | | |
| Brómber | | | | | | | | |
| Daggarber (elgsber) | | | | | | | | |
| Logaber | | | | | | | | |
| Hindber | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |

Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um | Summa kvikasilfurs sambanda, gefin upp sem kvika-silfur | Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín | Klórdan (summa sis- og trans-klórdans) | HCH, summa mynd-brigða nema gamma-mynd-brigðið | Hexaklór-bensen | Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretans, gefin upp sem etýlenoxíð) | Nítrófen | 1,2-díklóretan |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt) | | | | | | | | |
| Aðalbláber | | | | | | | | |
| Trönuber | | | | | | | | |
| Rifsber (rauð og hvít) og sólber | | | | | | | | |
| Garðaber | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| e) Villt ber og önnur aldin | | | | | | | | |
| vi) ÝMISLEGT | | | | | | | | |
| Lárperur | | | | | | | | |
| Bananar | | | | | | | | |
| Döðlur | | | | | | | | |
| Fíkjur | | | | | | | | |
| Kíví | | | | | | | | |
| Dvergappelsínur | | | | | | | | |
| Litkaaldin | | | | | | | | |
| Mangó | | | | | | | | |
| Ólífur | | | | | | | | |
| Píslaraldin | | | | | | | | |
| Ananas | | | | | | | | |
| Granatepli | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |

| Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg) | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um | Summa kvikasilfurs sambanda, gefin upp sem kvika-silfur | Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín | Klórdan (summa sis- og trans-klórdans) | HCH, summa mynd-brigða nema gamma-mynd-brigðið | Hexaklór-bensen | Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretans, gefin upp sem etýlenoxíð) | Nítrófen | 1,2-díklóretan |
| 2. **Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað** | 0,01 (*) | | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,1 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| i) RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI | | | | | | | | |
| Rauðrófur | | | | | | | | |
| Gulrætur | | | | | | | | |
| Hnúðsilla | | | | | | | | |
| Piparrót | | | | | | | | |
| Ætifífill | | | | | | | | |
| Nípur | | 0,02 ([1]) | | | | | | |
| Steinseljurót | | | | | | | | |
| Hreðkur | | | | | | | | |
| Hafursrót | | | | | | | | |
| Sætuhnúðar | | | | | | | | |
| Gulrófur | | | | | | | | |
| Næpur | | | | | | | | |
| Kínakartöflur | | | | | | | | |
| Annað | | 0,01 (*) | | | | | | |
| ii) LAUKAR | | 0,01 (*) | | | | | | |
| Hvítlaukur | | | | | | | | |
| Laukur | | | | | | | | |
| Skalottlaukur | | | | | | | | |
| Vorlaukur | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um | Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg) | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Summa kvikasilfurs sambanda, gefin upp sem kvika-silfur | Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín | Klórdan (summa sis- og trans-klórdans) | HCH, summa mynd-brigða nema gamma-mynd-brigðið | Hexaklór-bensen | Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretans, gefin upp sem etýlenoxíð) | Nítrófen | 1,2-díklóretan |
| iii) ALDINGRÆNMETI | | | | | | | | |
| a) Náttskuggaætt | | 0,01 (*) | | | | | | |
| Tómatar | | | | | | | | |
| Paprikur | | | | | | | | |
| Eggaldin | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| b) Graskersætt — með ætu hýði | | 0,02 ([2]) | | | | | | |
| Gúrkur | | | | | | | | |
| Smágúrkur | | | | | | | | |
| Dvergbítar | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| c) Graskersætt — með óætu hýði | | 0,03 ([3]) | | | | | | |
| Melónur | | | | | | | | |
| Grasker | | | | | | | | |
| Vatnsmelónur | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| d) Sykurmaís | | 0,01 (*) | | | | | | |
| iv) KÁL | | 0,01 (*) | | | | | | |
| a) Blómstrandi kál | | | | | | | | |
| Spergilkál (þ.m.t. kalabríukál) | | | | | | | | |
| Blómkál | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| b) Kálhöfuð | | | | | | | | |
| Rósakál | | | | | | | | |
| Höfuðkál | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |

Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um | Summa kvikasilfurs sambanda, gefin upp sem kvika- silfur | Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín | Klórdan (summa sis- og trans- klórdans) | HCH, summa mynd- brigða nema gamma- mynd- brigðið | Hexaklór- bensen | Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2- klóretans, gefin upp sem etýlenoxíð) | Nítrófen | 1,2- díklóretan |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| c) Blaðkál | | | | | | | | |
| Kínakál | | | | | | | | |
| Grænkál | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| d) Hnúðkál | | | | | | | | |
| v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR | | 0,01 (*) | | | | | | |
| a) Salat og áþekkt grænmeti | | | | | | | | |
| Karsi | | | | | | | | |
| Lambasalat | | | | | | | | |
| Salat | | | | | | | | |
| Vetrarsalat (salatfífill með breiðum blöðum) | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| b) Spínat og áþekkt græn- meti | | | | | | | | |
| Spínat | | | | | | | | |
| Strandblaðka | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| c) Brunnperla | | | | | | | | |
| d) Jólasalat | | | | | | | | |
| e) Kryddjurtir | | | | | | | | |
| Kerfill | | | | | | | | |
| Graslaukur | | | | | | | | |
| Steinselja | | | | | | | | |
| Blaðsellerí | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |

Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um | Summa kvikasilfurs sambanda, gefin upp sem kvika-silfur | Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín | Klórdan (summa sis- og trans-klórdans) | HCH, summa mynd-brigða nema gamma-mynd-brigðið | Hexaklór-bensen | Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretans, gefin upp sem etýlenoxíð) | Nítrófen | 1,2-díklóretan |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vi) BELGÁVEXTIR (ferskir) | | 0,01 (*) | | | | | | |
| Baunir (með fræbelg) | | | | | | | | |
| Baunir (án fræbelgs) | | | | | | | | |
| Ertur (með fræbelg) | | | | | | | | |
| Ertur (án fræbelgs) | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt) | | 0,01 (*) | | | | | | |
| Spergill | | | | | | | | |
| Salatþistill | | | | | | | | |
| Sellerí | | | | | | | | |
| Fennika | | | | | | | | |
| Ætiþistill | | | | | | | | |
| Blaðlaukur | | | | | | | | |
| Rabarbari | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| viii) SVEPPIR | | 0,01 (*) | | | | | | |
| a) Ræktaðir ætisveppir | | | | | | | | |
| b) Villtir ætisveppir | | | | | | | | |
| 3. **BELGÁVEXTIR** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,1 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| Baunir | | | | | | | | |
| Linsubaunir | | | | | | | | |
| Ertur | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |

| Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg) | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um | Summa kvikasilfurs sambanda, gefin upp sem kvikasilfur | Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín | Klórdan (summa sis- og trans-klórdans) | HCH, summa myndbrigða, nema gamma-myndbrigðið | Hexaklórbensen | Etýlenoxíð (summa etýlenoxíðs og 2-klóretans, gefin upp sem etýlenoxíð) | Nítrófen | 1,2-díklóretan |
| 4. **OLÍUFRÆ** | 0,02 (*) | 0,02 (4) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,2 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) |
| Hörfræ | | | | | | | | |
| Jarðhnetur | | | | | | | | |
| Valmúafræ | | | | | | | | |
| Sesamfræ | | | | | | | | |
| Sólblómafræ | | | | | | | | |
| Repjufræ | | | | | | | | |
| Sojabaunir | | | | | | | | |
| Mustarðskorn | | | | | | | | |
| Baðmullarfræ | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |
| 5. **KARTÖFLUR** | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,1 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| Sumarkartöflur | | | | | | | | |
| Kartöflur af haustuppskeru | | | | | | | | |
| 6. **TE** (þurrkuð lauf og stilkar, einnig gerjuð, *Camellia sinensis*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,2 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) |
| 7. **HUMLAR** (þurrkaðir), þ.m.t. humlakögglar og óþykkt duft | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,2 (*) | 0,02 (*) | 0,02 (*) |

(*) Neðri greiningarmörk.
(1) Byggt á bakgrunnsgildum sem stafa af fyrri notkun díeldríns og aldríns.
(2) Byggt á bakgrunnsgildum sem stafa af fyrri notkun díeldríns og aldríns.
(3) Byggt á bakgrunnsgildum sem stafa af fyrri notkun díeldríns og aldríns.
(4) Vöktunargögn leiða í ljós að díeldríns getur mælst í styrk, sem er allt að 0,02 mg/kg, í graskersfræi sem olía er unnin úr.“